

1872.

5. nóvbr.

**104. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar í dómsmála-
stjórninni til skrifstofu ríkisþingsins, um „Tíðindi
frá ríkisþingi Dana“ handa alþingi og landshöfðingja-
embættinu.**

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi skýrt frá, að hin 3 síðustu ár af „Tíðindum frá ríkisþingi Dana“, sem eru 1869—70, 1870—71 og 1871—72, sè eigi til í bókasafni alþingis, og að bókavörður hafi ekki getað látið aðrar upplýsingar til um það, en að þessi ár hafi ekki verið send bókasafninu; hefir stiptamtmaður því mælt til þess, að stjórnarráðið gjöri ráðstöfun til að þau árin, sem vanti, verði send, og að bókasafn alþingis framvegis fái Tíðindin. Við sama tækifæri hefir stiptamtmaður borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort eigi sè ástæða til samkvæmt þeirri stöðu, sem þessum embættismanni er ætluð, að koma því til leiðar, að látið verði til ókeypis eitt exemplar af ríkisþingtíðindunum handa skjalasafni landshöfðingjans.

Útaf þessu mælist stjórnardeildin til samkvæmt boði dómsmálaráðherrans, að skrifstofa ríkisþingsins sendi alþingisbókasafninu tæð 3 ár af ríkisþingtíðindunum með því póstskipi, sem fer hëðan 8. þ. m., og stingur stjórnardeildin jafnframt uppá, hvort eigi megi veita landshöfðingja-embættinu, sem stofnað var með konungsurskurði 29. júní þ. á., ókeypis exemplar af Tíðindunum.

5. nóvbr.

**105. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna
á Íslandi, um gjald spítalahluta.**

Í bréfi, dagsettu 6. júlí þ. á., hafið þér herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að tekið hafi verið eptir, þegar reikningar þeir voru endurskoðaðir, sem sýslumenn á Íslandi hafa gjört fyrir heimtingu gjalds þess til læknaþjóðsins íslenzka, sem fyrir er mælt um í tilsk. 10. ágúst 1868, að gjaldið hafi verið greiðt í

1872.

5. nóvbr.

nökkurum sýslum landsins, og þá einkum í suðuramtinu, af öllu því lýsi, sem fengizt hafði ekki að eins af hákarli, heldur einnig affiskitegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipunarinnar 1. gr. staflíð a, en í öðrum sýslum að eins af því lýsi, sem fæst af hákarli, og er í þeim staflíðurinn b. í tæðri grein tilskipunarinnar skilinn á þann hátt, að þar sè einungis átt við hákarlslýsi. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu hefir einkum fylgt fram þessum skilningi, og hefir hann í svari sínu til athugasemda stiptysfirvaldanna útaf þessu við reikninginn yfir tæð gjald úr Ísafjarðarsýslu og nyrðri hluta Barðastrandarsýslu fyrir árið 1869—70 mælt til þess, að málið verði lagt undir úrskurð stjórnarráðsins. Um leið og þær látið eptir ósk þessari, hafði þær reyndar verið á móti þeim skilningi lagastaðsins, að gjaldið að eins verði heimtað af hákarlslýsi, með því beinlínis sè sagt svo fyrir í tilskip. 1868, að gjaldið skuli greiðt, „af hverri lýsistunnu, sem aflagt“, án þess að nokkur undantekning sè gjörð, en af ýmsum ástæðum, sem þær nákvæmar útlistið, finnst yður samt sem áður, að þær verðið að mælast til, að yður verði veittur myndugleiki til að úrskurða fyrstu athugasgrein við tæðan reikning og líkar spurningar, sem enn kunna að koma fram um réttan skilning á tilsk. 10. ágúst 1868, 1. gr., staflíð b., á þá leið, að láta það eptir kringumstæðum sitja við þá gjaldheimtingu, sem fram hafi farið, þegar svo standi á, að augljóst sè, að gjaldendur hafi eigi vitað betur, og að lækna-sjóðurinn hljóti ekki verulegan skaða af því.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær birtið það þegar svo þær undir, að dómsmálastjórnin verður að vera yður samdóma í því, að tilskipun 1868 sè rett skilin á þá leið, að greiða skyldi gjaldið af öllu lýsieða með öðrum orðum af allri bræddri lífur, en — eins og hlutaðeigandi sýslumaður virðist að byggja á — eigi af þeirri lífur, sem ekki er brædd, en höfð til neyzlu ásamt með fiskinum, og að vèr eigi þykjurst hafa heimild til, þótt tilsk. um spítalagjald af sjávarafra, 12. febrúar þ. á. segi öðru vísi fyrir í þessu tilliti, að gefa úrskurð um gjaldskyldu manna eptir hinni tilskipuninni, sem ekki að eins

1872.

5. nóvbr.

yrði að álíta gagnstaða lagaboðinu, en sem einnig mundi gjöra mönnum ójafnt undir höfði og halla á rétt annara gjaldenda.

Þótt stjórnarráðið þanning hafi látið í ljósi álit sitt um skilning þessa máls eftir lögum, látum vèr samt ekki hjá líða, að leiða athygli yðar að því, að það muni vera hagfelldast, að sýna ekki of mikla eptirgangssemi í því, að heimta það gjald, sem ógoldið er.

6. nóvbr.

106. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtánnansins yfir Íslandi, um hafnar-reglugjörð fyrir Reykjavík.

Með bréfi, dagsettu 23. septbrm. þ. á., hafið þér, herra stiptamtámaður, sent hingað álit frá hafnarnefndinni og bæjarstjórninni í Reykjavík um frumvarp til hafnar-reglugjörðar fyrir þaðan kaupstað, sem fylgdi bréfi stjórnarráðsins 18. júní þ. á., og er í því álini stungið upp á, að ákvörðunin í frumvarpinu I., 3. tölulið, 2. og 3. atriði, um gjald af opnum bátum og flutningsbátum falli burt, að ákvörðunin í sama tölulið, 1. atriði, sé bundin við að þiljubátarnir sé að rúmmáli 10 tons, og að bætt verði við á eftir orðunum í IV.: „Öll skip, er ríkið á, sem hafa hermerki og veifu“ „og sem eigi eru höfð til flutningsferða“; útaf þessu hafið þér, herra stiptamtámaður, lagt til, að fyrsta breytingin verði tekin til greina, sumpart vegna þess, að öpnir bátar að eins endrum og sinnum sé hafðir til vöruflutnings milli bæjarins og annara verzlunarstaða, og sumpart sökum þess, að gjald það, sem stungið er uppá í frumvarpinu svo sem af $1\frac{1}{2}$ ton, sé svo lítið, að það, eins og hafnarnefndin hafi getið, hrökkvi ekki til þess kostnaðar, sem mundi verða samfara heimtingu gjaldsins, enda vili það sjaldan til, að flutningsbátar sé hafðir til þess að afferma eða hlaða skip, sem eigi þegar sé búið að greiða gjald af samkvæmt reglugjörðinni. Aptur ámóti hafið þér, herra stiptamtámaður, ráðið frá því, að láta gjaldið af þiljubátum vera komið